

V-saga

Einn daginn vaknaði _____ mjög seint vegna þess að vekjaraklukkan hafði ekki hringt. Þegar hún loksins kom í leikskólann hélt hún að hún yrði langsíðust, svo að hún var mjög hissa þegar hún kom í leikskólann og þar var engi krakka að sjá! Leikskólakennararnir hlupu um í miklu uppnámi því að öll börnin sem höfðu komið um morguninn fundust hvergi. Hvað hafði eiginlega gerst? Allir vinir hennar voru horfnir!

_____ settist niður úti í horni og hugsaði málin. Þetta var nú mjög dularfullt. „Hvað getur hafa komið fyrir alla vini mína?” hugsaði hún með sér. Allt í einu kom vélmenni rúllandi eftir gólfinu og stoppaði fyrir framan hana. _____ varð mjög undrandi þegar vélmennið tók til máls: „Halló – ég – heiti – Valli. Ég – sá – hvað – gerðist. Það – var – vondi – galdrakarlínn – sem kom – og – tók – börnin.”

_____ brást fljótt við: ”Stal hann öllum vinum mínum?! Ég verð að koma þeim til bjargar! Ég er sko ekki vitund hrædd við þennan vitleysing. Ég legg af stað strax! Það er ekki eftir neinu að bíða! Vilt þú kannski koma með?”

„Jákvætt – svar,” sagði Valli vélmenni.

Það var löng leið til galdrakarlsins. _____ og Valli vélmenni gengu lengi, lengi. _____ varð þreytt í fótunum, og þau settust niður í vegkantinn til að hvíla sig smástund. Þá heyrðu þau í einhverjum sem var að tala við sjálfan sig í grenndinni. Hann talaði dálítið furðulega: ”Hlal elu hæl? Æ, æ, æ, ég velð að finna þæl hjótt!”

Þeir lituðust um og sáu háan og fölan náunga í kjölfötum sem gekk fram og aftur á bak við tré og var að skoða jörðina eins og hann væri að leita að einhverju.

”Halló,” sagði _____. ”Ertu búinn að týna einhverju?”

Náunginn leit upp, og þá sá _____ að þetta var vampíra. ”Já, ég el að leida að víg-dönnunum mínum. Ég missdi hæl hélna einhels staðal.”

”Ekkert mál, við skulum hjálpa þér,” sagði _____. Valli vélmenni var með röntgensjón, sem var mjög gagnlegt. ”Ég – sé – þær – í – grasinu,” sagði hann strax, rúllaði að þeim og tók upp með öðrum griparminum. Vampíran burstaði fegin af þeim moldina og stakk strax upp í sig. ”Þvílíkur léttir! Þakka ykkur kærlega fyrir! Ég heiti Vítoslav vampíra, og ég er á leiðinni á alheimsping vampírú-sambandsins þar sem ég á að halda ræðu. Það hefði verið mjög vandræðalegt að mæta þangað vígtannalaus!”

”Sæll, Vítoslav,” sagði _____, ”ég heiti _____ og þetta er hann Valli. Hvers vegna ertu annars með gervivígtennur?”

”Það er vegna þess að ég borða svo mikið af sælgæti að alvöruvígtennurnar mínar skemmdust fyrir mörg hundruð árum. En heyrðu, _____, af því að þú hjálpaðir mér svo mikið vil ég launa þér greiðann. Hérna er töfrapoki. Hann er þeirrar náttúru að það er hægt að taka upp úr honum hvað sem þú hefur mesta þörf fyrir – nema hvítlauk. Ef þú þarft hvítlauk verðurðu að finna hann annars staðar. Vampírur þola nefnilega ekki hvítlauk.”

_____ þakkaði kærlega fyrir pokann, og svo héldu þau Valli för sinni áfram.

Innan skamms komu þau að kastala vonda galdrakarlsins, gengu að dyrunum og bönkuðu upp á. Galdrakarlinn kom til dyra. Hann var greinilega í mjög vondu skapi. ”Já, hver eruð þið, og hvað viljið þið?” spurði hann hranalega.

”Ég heiti _____, og þetta er hann Valli vélmenni. Við viljum að þú skilir strax aftur vinum mínum úr leikskólanum.”

”Kallarðu þetta vini?” sagði galdrakarlinn hneykslaður. ”Ég hef reynt að gefa þeim bæði vínber og vanilluís, en þeir vilja samt ekki vera vinir mínir.”

”Það er kannski vegna þess að enginn vill vera vinur einhvers sem rænir manni og lokar mann inni,” svaraði _____ að bragði.

”Það finnst mér nú furðulegt,” sagði galdrakarlinn. ”Ég skal samt skila þeim aftur, en bara ef þú getur leyst fyrir mig erfiða þraut. Þú verður strax að láta mig fá 10 hluti sem byrja á V.”

”Það er nú ekkert mál,” sagði _____ brosandí og tók fram galdrapokann frá vampírinni.

....

”Jæja þá,” sagði galdrakarlinn, ”hérna er lykillinn að dýflissunni. Þú finnur vini þína þar.” Síðan hvarf hann aftur inn í kastalann og skellti á eftir sér.

_____ hleypti strax vinum sínum úr fangaklefunum. Það urðu nú

fagnaðarfundir. Öll börnin voru fús til að gefa knús og sýna vinarþel. Meira að segja Valli vélmenni fékk knús frá öllum!

Lengi lifi vináttan!